



Fundargerð

Svæðisráð vestursvæðis - 89. fundur svæðisráðs vestursvæðis haldinn á fjarfundi, 23. október 2020, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Ásta Berghildur Ólafsdóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Ásahrepps, Árni Pétur Hilmarsson, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Þingeyjarsveitar, Ingibjörg Eiríksdóttir, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamataka, Karl Ingólfsson, aðalfulltrúi Samtaka útivistarfélaga, Sandra Brá Jóhannsdóttir, aðalfulltrúi Skaftárhrepps, Sveinn Hreiðar Jensson, aðalfulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands, Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður, Jóna Björk Jónsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

1. Rekstraráætlun 2021 - 2009036

Þjóðgarðsvörður kynnir lykiltölur úr rekstraráætlun fyrir vestursvæði. Gert er ráð fyrir tæplega 35% niðurskurði frá árinu 2020.

Umræddur niðurskurður mun eins og áður hefur komið fram bitna á ráðningu sumarstarfsfólks til landvörslu. Miðað við þessa áætlun fær hver starfsstöð að jafnaði 17-18 dagsverk í mánuði í landvörslu í júlí og ágúst. Reynt yrði að leggja áherslu á að hafa viðveru fleiri daga í Laka á háönn, til að geta haldið salernunum opnum. Ekki verður hægt að þjóa upp á fræðslugöngur og enga auglýsta fasta viðveru landvarða t.a.m. í upplýsingagjöf. Áherslan verður þá eingöngu á eftirlit, utanvegaakstursför, rusl og annað. Gestastofan verður lokuð um helgar og hluta af sumrinu, meðan fastráðinn starfsmaður er í sumarleyfi. Salerni á Eldgjár- og Langasjávarsvæðinu verða líklega lokuð 1-2 vikur í mánuði, þar sem tíminn milli þess sem einhver kemur til að líta eftir þeim er of langur til að hægt sé að hafa þau opin. Sama verður uppi á teningnum í Laka í upphafi og lok sumars. Ekki verður unnt að stunda reglulega vegalandvörslu.

Svæðisráð þakkar kynninguna en lýsir áhyggjum sínum yfir stöðunni. Sumarlandvarslan er lykilþáttur í starfi þjóðgarðsins á vestursvæði og afar mikilvægt að hægt sé að manna landvarðarstöðvarnar strax við opnun hálendisvega og vera þar til staðar fyrir náttúruna og gesti okkar á meðan umferð er um svæðin. Svona mikil skerðing þýðir að landvörslu verður mjög ábótavant og upplýsingagjöf til ferðamanna er óregluleg og ekki hægt að treysta á hana. Þjóðgarðinum er því ekki kleift að sinna hlutverki sínu að óbreyttu.

Fundargerð ritaði: Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður.

Fundi slitið kl. 13:30.